



KRAFTLYFTINGASAMBAND ÍSLANDS

SÉRSAMBAND INNAN ÍPRÓTTA- OG ÓLYMPIÚSAMBANDS ÍSLANDS

Verklagsreglur

Kraftlyftingasambands Íslands við val í landslið

Öll mót sem eru á mótaskrá IPF, EPF og NPF eru landsliðsverkefni og þátttaka í þeim er háð samþykki landsliðsnefndar KRAFT. Samskipti við landsliðsnefnd KRAFT fara fram á netfanginu coach@kraft.is .

1. gr.

Í upphafi nóvember ár hvert kallar starfsmaður KRAFT með tölvuskeyti til formanna aðildarfélaga KRAFT og á miðlum KRAFT eftir tillögum um mönnun landsliðs Íslands fyrir komandi ár svo og tillögum að landsliðs verkefnum.

2. gr.

Fyrir 1. desember skulu félögin vera búin að senda inn sínar tillögur. Skulu félög senda allar nauðsynlegar upplýsingar um keppendur, þar á meðal: nafn, kennitölu, netfang/símanúmer, landsliðsverkefni. Sýna skal fram á að keppandi uppfylli þau skilyrði sem fram koma í 3. gr. þessara reglna, sem og nánari rökstuðning ef óskað er eftir undanþágu sem heimilar eru samkvæmt reglum þessum.

3. gr.

Skilyrði fyrir landsliðs þátttöku :

Keppandi skal:

- a. vera íslenskur ríkisborgari eða hafa haft fasta búsetu á Íslandi í a.m.k. 3 ár.
- b. hafa verið félagi í aðildarfélagi KRAFT í a.m.k. 12 mánuði fyrir mót. Hægt er að veita undanþágu frá þessu skilyrði ef um keppendur undir 18 ára aldri er að ræða.
- c. hafa náð landsliðslágmörkum á móti á mótaskrá KRAFT eða móti sem viðurkennt er af IPF fyrir viðkomandi mót á tímabili sem nær yfir næstliðið ár og allt að 63 dögum fyrir upphaf móts.
- d. hafa tekið þátt í, án þess að hafa fallið úr keppni, a.m.k. tveimur meistaramótum á mótaskrá KRAFT eða mótum sem viðurkennd eru af IPF á næstliðnu ári.
- e. taka þátt á meistaramóti KRAFT í þeirri grein sem keppandi er tilnefndur í innan tólf mánaða (tilnefning í þrílyftu með búnaði, þrílyftu í klassík, bekkpressu með búnaði eða klassískri bekkpressu).

- Ef keppandi er tilnefndur í þrílyftu skal hann taka þátt í meistaramóti KRAFT í þrílyftu á þessum tólf mánuðum.
- Ef keppandi er tilnefndur í bekkpressu skal hann taka þátt í meistaramóti KRAFT í bekkpressu á þessum tólf mánuðum.

f. hafa með orðum sínum og hegðun verið sjálfum sér og íþróttinni til sóma.

g. hafa skrifað undir landsliðssamning.

Í drengja- og telpnaflokkum skal aðeins tilnefna keppendur á Norðurlandamót, en ekki önnur alþjóðamót, nema að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

Keppandi skal:

h. hafa keppt á Norðurlandamóti.

i. náð 17 ára aldri á keppnisárinu.

j. hafa náð 100%-lágmarkum.

k. Skrá forráðamann eða fulltrúa frá sínu félagi sem fylgir keppanda ef keppandi hefur ekki náð 18 ára aldri.

Fyrir Norðurlandamót unglunga sem haldin eru á Íslandi eru ekki eiginleg lágmark en landsliðsnefnd lítur til C-lágmarka. Þega mótið er erlendis eru viðmiðin C-lágmark.

4. gr.

Landsliðsnefnd í umboði stjórnar fer yfir tillögurnar. Landsliðsnefnd boðar til samráðsfundar með íþróttastjóra KRAFT um skipan í liði keppenda og þjálfara/ aðstoðarmanna.

5. gr.

Fyrir lok árs skal landsliðsnefnd senda til stjórnar KRAFT tillögur sínar að landsliði og verkefnum til samþykktar. Við vinnu sína skal nefndin taka mið af óskum félaga, markmiðum afreksstefnu og fjárhagsstöðu sambandsins. Stjórn KRAFT hefur endanlegt úrskurðarvald um ágreiningsmál ef upp koma.

6. gr.

Fyrir 10. janúar skal birta upplýsingar um landslið og verkefni komandi árs/tímabils á miðlum KRAFT. Valið er trúnaðarmál þar til það hefur verið birt á heimasíðu KRAFT.

7. gr.

Þegar landsliðsval liggur fyrir boðar framkvæmdastjóri/starfsmaður KRAFT, í samráði við landsliðsnefnd, til fundar með keppendum og aðstoðarmönnum liðsins. Fundurinn skal haldinn fyrir lok janúar. Á fundinum er yfir samninga og þeir undirritaðir, upplýsingar veittar og spurningum svarað. Skyldumæting er á fundinn skv. Landsliðs samningi.

8. gr.

Framkvæmdastjóri/starfsmaður KRAFT gerir undirritaða samninga við landsliðsmenn og þjálfara/aðstoðarmenn samkvæmt framangreindum ákvörðunum. Þar sem skýrt koma fram skyldur hvers aðila fyrir sig.

9. gr.

Að loknu hverju móti skilar aðalþjálfara skýrslu til landsliðsnefndar og íþróttastjóra KRAFT. Landsliðsnefnd skráir sérstök atvik og frávik frá reglum sem kunna að hafa komið upp og upplýsir stjórn um málið.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á fundi stjórnar Kraftlyftingasambands Íslands
27. janúar 2026.